

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

### 44. fundur.

að Hlíðavegi 6, 7.10. 2004, kl. 13:30.

#### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð bygginganefndar frá 30. september.
3. Fundargerð umhverfisnefndar frá 5. júlí.
4. Erindi Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga þar sem óskað er fjárstuðnings við ferðamálaaverkefnið "Snow Magic".
5. Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga dags. 28. sept. vegna lántöku.
6. Skipulagsmál. Bjarnarflag og deiliskipulag í Kröflu.
7. "Það er líf eftir Kísiliðjuna" Hugleiðingar Yngva Ragnars Kristjánssonar, sem kynntar voru á fundi sveitarstjórnar 2. sept.
8. Fundargerð veitnanefndar frá 13. sept. sem frestað var á síðasta fundi.
9. Hitaveitumál.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Þuríður Snæbjörnsdóttir, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

#### 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund.

#### 2. Fundargerð bygginganefndar frá 30. september.

Liðir 4, 7 og 8 eiga við um Skútustaðahrepp.

4. liður: Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu bygginganefndar.

7. liður: Sveitarstjórn tekur undir með byggingafulltrúa að gera verður óverulegar breytingar á aðalskipulagi sem sveitarstjórn er fús að ganga til komi fram um það óskir frá landeigendum.

8. liður: Vegna afgreiðslu bygginganefndar á þessum lið fundargerðarinnar hefur borist eftirfarandi bréf frá Þórhalli Kristjánssyni:

Björk 6.október 2004

Til sveitarstjórnar Skútustaðahrepps

23.september lagði undirritaður fram beiðni um stöðuleyfi á nýjum stað fyrir gistiskálana í Vogum. Þar sem byggingarnefnd ákvað á fundi 30.september s.l. að leggja til við sveitarstjórn að beiðni þessari verði hafnað af tveimur ástæðum vil ég koma fram með ábendingar sem hljóta að leiða til annarrar niðurstöðu.

1. Í 4.kafla skipulagsreglugerðar gr.4.16.2 mgr.7 er kveðið á um að húsnæði eins og hér um ræðir skuli ekki reisa nær þjóðvegi en 100 m. Svo virðist sem byggingarnefnd gefi sér það að þetta skilyrði hafi ég ekki ætlað að uppfylla. Svo er ekki. Vitneskja um fjarlægðarmörk frá þjóðvegi var ekki fyrir hendi þegar beiðnin var lögð fram, en ekkert er því til fyrirstöðu að gistiskálarnir verði staðsettir þannig að 100-160 m fjarlægð verði að þjóðvegi. Í samtali við nággranna í dag, sem áður höfðu samþykkt fyrirhugaða staðsetningu, kom fram að þeir gerðu ekki athugasemdir við aukna fjarlægð frá þjóðvegi.
2. Hér er verið að sækja um tímabundið stöðuleyfi og ekkert ákvæði finnst í byggingarreglugerðum sem leggur á byggingarnefndir ábyrgð á útliti mannvirkja í þeim tilfellum. Hins vegar er byggingarnefnd skylt samkvæmt gr.8.2 í byggingarreglugerð að leggja mat á útlit fyrirhugaðra bygginga þegar sótt er um byggingarleyfi. Ef afgreiðslan felur í sér skilyrði eða umsókn er hafnað ber byggingarnefnd að rökstyðja það. Þann rökstuðning vantar algjörlega varðandi gistiskálana í Vogum. Þann 7. júlí sl. samþykkti byggingarnefnd stöðuleyfi fyrir tvo 21 m<sup>2</sup> gistigáma að Skútustöðum II. Engin athugasemd var gerð við útlit þessara einingahúsa og ekki heldur við fjarlægð frá þjóðvegi nr.1, sem er líklega 50-60 m. Meðfylgjandi erindi þessu eru myndir sem teknar voru í dag og sýna útlit smáhúsanna á Skútustöðum og gistiskálanna í Vogum.

Byggingarnefnd og sveitarstjórn ber að gæta samræmis og jafnræðis við afgreiðslu mála og skora ég hér með á sveitarstjórn að samþykkja tilfærslu á gistiskálunum í Vogum og stöðuleyfi á nýjum stað.

Sérstaklega hlýtur að þurfa að taka tillit til þess að Vogabændur ehf hafa verið að byggja upp fyrirtæki í ferðaþjónustu sem leggur til nokkur sumarstörf og gistiskálarnir eru þungamiðjan í rekstri fyrirtækisins. Þessi árstími er mikilvægur fyrir þennan rekstur vegna bókana fyrir næsta ár. Enginn dráttur má því verða á jákvæðri niðurstöðu. Hér skal það upplýst að ákveðið hefur verið að óska eftir breytingu og stækkun ferðaþjónustusvæðisins í Vogum á aðalskipulagi og gert verði deiliskipulag.

*Undirritaður óskar eftir stöðuleyfi á nýjum stað fyrir gistiskálana sem staðið hafa í Vogum s.l. 12 ár. Um er ræða stað sem er miðsvæðis við tjaldstæðið og u.þ.b. 200 m sunnar en núverandi staðsetning.*

Virðingarfyllt

---

 Þórhallur Kristjánsson

Sveitarstjórn samþykkir að senda byggingarnefnd framangreint bréf og óska eftir að nefndin taki málið fyrir að nýju og svari þeim efnisatriðum sem fram koma í bréfi Þórhalls.

### **3. Fundargerð umhverfisnefndar frá 5. júlí.**

1. liður: Á fundi sveitarstjórnar 11. mars s.l. var ákveðið að í kjölfar þess að umhverfisnefnd hreppsins lyki fyrir sitt leyti við gerð umhverfisstefnu fyrir hreppinn yrði boðað til almenns fundar þar sem umhverfisnefnd og sveitarstjórn mundu kynna íbúum umhverfisstefnuna. Í ljósi þess er sveitarstjóra og formanni umhverfisnefndar falið að undirbúa og efna til slíks fundar.

2. liður: Sveitarstjórn samþykkir að banna að stöðva eða leggja bifreiðum vestan Skútahrauns og Helluhrauns nema á bifreiðastæðum innan lóðamarka.
  3. liður: Sveitarstjóra falið að rita Kísiliðjunni bréf og spyrjast fyrir um stöðu málsins.
  4. liður: Sveitarstjórn samþykkir að mælast til við Vegagerð ríkisins að umferðarhraði verði tekinn niður í gegn um þéttbýlið í Vogum. Eðlilegast þykir að leyfður umferðarhraði á svæðinu verði 50 km. enda gangandi og hjólandi umferð mikil á svæðinu, einkum að sumarlagi.
  5. liður: Í þessum lið fundargerðarinnar er ekki um eiginlegar tillögur að ræða og þarfnast hann ekki ályktunar við.
- 4. Erindi Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga þar sem óskað er fjárstuðnings við ferðamálaverkefnið “Snow Magic”.**  
Samþykkt að leggja verkefninu til 350 þús. kr. á ári frá árinu 2005 til 2007. Tilnefning fulltrúa Skútustaðahrepps í samstarfsnefndina verði frestað þar til síðar.
- 5. Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga dags. 28. sept. vegna lántöku.**  
Sveitarstjórn samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að upphæð kr. 20 milljónir til skuldbreytinga. Lánið verði til 15 ára og eru vextir nú 4%.
- 6. Skipulagsmál. Bjarnarflag og deiliskipulag í Kröflu.**  
Ekki hefur enn verið lokið við gerð aðalskipulags í Bjarnarflagi, en því var frestað við gerð aðalskipulagsins 1996 og ekki náðist sameiginleg niðurstaða um skipulag í Bjarnarflagi með Umhverfisstofnun við síðustu breytingu aðalskipulags, þ.e. á Kröflusvæðinu.  
Nú eru breyttar aðstæður þar sem lögum um verndun Laxár og Mývatns hefur verið breytt og tóku lögin gildi 1. okt. s.l. Sveitarstjóra er því falið að láta vinna áfram að gerð aðalskipulags í Bjarnarflagi á þeim nótum sem unnið hefur verið að s.l. tvö til þrjú ár. Enn fremur er sveitarstjóra falið að láta vinna að deiliskipulagi í Kröflu í samræmi við drög sem unnið hefur verið að síðustu ár.
- 7. “Það er líf eftir Kísiliðjuna” Hugleiðingar Yngva Ragnars Kristjánssonar, sem kynntar voru á fundi sveitarstjórnar 2. sept.**  
Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir við stjórn Ferðamálafélags Mývatnssveitar að vinna frekar úr þessum hugmyndum og afla ef til vill aðstoðar Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga við málið. Í stjórn Ferðamálafélagsins eru: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Leifur Hallgrímsson og Hörður Sigurbjarnarson.
- 8. Fundargerð veitnanefndar frá 13. sept. sem frestað var á síðasta fundi.**  
Á síðasta fundi sveitarstjórnar var óskað eftir frekari upplýsingum frá veitnanefnd um lög hitaveitu að Ytri-Neslöndum.  
Lagt er fram eftirfarandi minnisblað frá formanni veitnanefndar sem afstaða nefndarinnar byggðist á:

Minnisblað  
v/fundagerðar veitnanefndar 13.09.2004.

Ljóst er að kosnaðartölur vegna lagningar hitaveitu í Ytri Neslönd er gróf áætlun. Uppgefið verð frá Röraverksmiðjunni Set á 32 mm plaströri með 19,5 mm einangrun og plast hlífðarkápu er kr. 1000 meterinn. Frá dæluhúsi við Voga í Ytri Neslönd eru um 4 km. Frá Grímsstöðum í Ytri Neslönd er álíka langt. Þetta er lágmarks sverleiki á röri og hugsanlega þarf að hafa þykkri einangrun ef farið væri yfir vatnið. Lágmarks kosnaður á rorum væri því kr. 4.000.000. Þá er eftir að kaupa tengistykki og leggja lögnina. Núverandi lögn frá Reykjahlíð í Grímstaði bærir ekki þessa viðbót nema með dælingu. Einnig er sú lögn orðin léleg og varla þorandi að auka þrýstinginn á henni. Þá má spyrja hvor ekki ætti að halda áfram og leggja hitaveitu á þá bæi í sveitinni sem ekki eru tengdir hitaveitu í dag. Ef gera ætti nákvæma kosnaðaráætlun þyrfti að leita til verkfræðistofu með tilheyrandi kosnaði og fannst okkur ekki ástæða að leggja í þann kosnað.

F.h. Veitnavefndar.  
Áslaugur Haddsson

Sveitarstjórn felst á niðurstöðu nefndarinnar að veitunni sé ókleyft að verða við erindi íbúa að Ytri-Neslöndum um að leggja þangað hitaveitu að óbreyttu.

## 9. Hitaveitumál.

Rætt var vítt og breitt um deilumál landeigenda í Vogum og Hitaveitu Reykjahlíðar. Sveitarstjóri upplýsti að í viðræðum við forsvarsmann landeigenda í Vogum að bréfi því sem landeigendur sendu í júní yrði ekki svarað fyrr en síðsumars. Sveitarstjóri skýrði jafnframt frá að sá frekari dráttur sem orðið hefur á svörum væri alfarið honum að kenna. Sveitarstjóri lagði fram drög að svari til landeigenda sem honum var falið að senda landeigendum.

Birkir Fanndal og Böðvar Pétursson lögðu fram eftirfarandi bókun:  
*Í byrjun júní barst svarbréf frá landeigendum í Vogum varðandi deilumál Hitaveitu Reykjahlíðar og landeigenda í Vogum. Efni þessa bréfs var kynnt sveitarstjórn á fundi 24 júní. Á fundi sveitarstjórnar 2. september þá sagði sveitarstjóri óspurður, að ekki væri búið að svara þessu bréfi en svarbréf yrði sent á næstu dögum, eða fljótlega eftir helgi. Núna u.þ.b. 19 vikum eftir að bréf Vogunga barst er ekki búið að svara því.  
Þetta verklag er algjörlega óásættanlegt, bæði fyrir sveitarstjórn og hinn aðila málsins, að það skuli taka allan þennan tíma að svara einu bréfi.*

Fleira ekki gert.  
Fundu slitið.  
Guðrún María Valgeirsdóttir,  
Jón Óskar Ferdinandsson,  
Þuríður Snæbjörnsdóttir,  
Birkir Fanndal Haraldsson,  
Böðvar Pétursson.